

Borgarráð

Tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2020-2024

Lögð er fram hjálagt tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2020-2024.

Borgarráð felur sviðum og fagráðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar. Jafnframt er sviðum og fagráðum falið að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Að öðru leyti er vísað í framlagða tíma- og verkáætlun og ábyrgðaraðilum falið að fylgja eftir framkvæmd hennar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2020-2024, dags. 14. janúar 2019

Tíma- og verkáætlun A-hluta

vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2020-2024

Vísað er nánar í FMS-STE-001 Reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnslu	Afgreiðsla	Dagsetn.	Mán.
FMS-VLR-044 Undirbúningur fjárhagsáætlunar	Tíma og verkáætlun ársins lögð fram í borgarráði	FMS	Borgarráð	17.jan	Janúar
	Undirbúningur hefst: Borgarráð felur sviðum og fagráðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar.	Borgarráð		17.jan	
	Samráðs- og undirbúningsfundur: Fundur borgarstjóra, formanna fagráða og lykilstjórnenda. Farið yfir efnahagshorfur, tíma- og verkáætlun, ásamt gildandi fimm ára áætlun um rekstur og framkvæmdir.	Borgarstjóri / FMS		25. jan.	
	Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS): Sviðum og fagráðum falið að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.	Fagsvið		jan.	
	Fjárfestingaáætlun: SEA hefur vinnu við fjárfestingaáætlun í samræmi við verklagsreglur. Í því felst m.a. greining á fjárfestingaþörfum og jafnréttisskimun þeirra, þarfagreining vegna þjónustu borgarinnar, greining á valkostum, kostnaðarmat og mati á hagkvæmni í samvinnu við fagsvið og USK.	SEA		jan.	Febrúar
	Undirbúningur skilaforma: FMS undirbýr og leggur fram skilaform fyrir greinargerð fagsviða og kostnaðarmat á skuldbindingum utan fjárheimilda og mat á helstu áhættum í rekstri.	FMS		feb.	
	Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að vetri, endurskoðun, gefin út. Fer til rýningar hjá FMS.	FMS		22. feb.	
	Vinnufundir fagráða: Formenn fagráða og sviðsstjórar undirbúa og skipuleggja vinnufundi fagráða, þar sem farið er yfir forgangsröðun og áherslur fagráðs í rekstri og fjárfestingum.	Fagsvið		mars	
	Rýning á rekstri sviða og skrifstofa: Sviðsstjórar rýna skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum þar sem við á og meta helstu áhættur í rekstri sviðsins.	Fagsvið		mars	
	Kynjuð fjárhagsáætlun: Sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum áætlun sviðsins um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Fagráð staðfestir áætlun sviðsins.	Fagsvið	Fagráð	mars	
Launaáætlunir: FMS undirbýr vinnslu launaáætlunar fyrir næsta ár. Launaáætlun stofnuð. Gerður er fyrirvari um framvindu kjarasamninga.	FMS		apríl/maí	Mars - apríl	
◆	Skil fagsviða á rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins: Sviðsstjórar skila til FMS greinargerð og kostnaðarmat á skuldbindingum utan fjárheimilda, breytingum á magntölum þar sem við á og mat á helstu áhættum í rekstri sviðsins. Skil á áætlun vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar: Sviðsstjórar skili sundurliðaðri áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Skil gjaldskráa: Sviðsstjórar skila til FMS samantekt yfir allar gjaldskrár og sundurliðun á tekjum skv. nánari fyrirmælum. Lykiltölur og mælikvarðar: Sviðsstjórar skila FMS lykiltölum og árangursmælikvörðum sviðsins vegna forgangsröðunar, reglubundins eftirlits og árangurmats.	Fagsvið		15.apr	◆
FMS-VLR-045 Undirb. að úthlutun fjárheimilda	Undirbúningur rammaúthlutunar. Samantekt gagna og mat á útgjaldaþoli A-hluta.	FMS		apríl/maí	Maí
	Fjárfestingaáætlun: Yfirferð á fyrstu drögum að fjárfestingaþörfum, valkostum og forgangsröðun fagsviða fyrir fjármálahóp.	Fjármálahópur		apríl/maí	
	Fundur með fagsviðum: yfirferð yfir skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum og mat á áhættum.	Fjármálahópur		1.-15. maí	
	Fundur fjármálahóps um forsendur rammaúthlutunar vegna rekstrar og fjárfestinga.	Fjármálahópur		maí	
	Samráðsfundur fjármálahóps, FMS og SEA með sviðsstjórum vegna undirbúnings að rammaúthlutun.	Fjármálahópur / Yfirstjórn		júní	Júní
	Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að sumri, gefin út. Fer til rýningar hjá FMS.	FMS		29.maí	
	Forsendur fjárhagsáætlunar lagðar fram í borgarráði.	FMS		6.jún	
◆	Úthlutun fjárheimilda: borgarráð úthlutar fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að útfæra fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsenum þeirra. Gjaldskrár: lagðar línur um meðhöndlun innri og ytri gjaldskráa vegna vinnslu fjárhagsáætlunar	Borgarstjóri / borgarráð	Borgarráð	6.jún	◆

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnslu	Afgreiðsla	Dagsetn.	Mán.
◆	Höfðafundur: Borgarstjóri boðar til Höfðafundar um markmið og leiðir í fjármálum borgarinnar vegna fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024	Yfirstjórn / FMS		júní	
FMS-VLR-046 Vinnsla fjárhagsáætlunar og greinargerðar	Vinnufundir fagráða	Fagsvið		júní	Júní
	Afgreiðsla fagráða: Fagrád afgreiða tillögu að áherslum og forgangsröðun í málaflokknum til næstu fimm ára.	Fagsvið	Fagrád	júní	
	Vinnsla fjárhagsáætlunar í samræmi við forsendur rammaúthlutunar.	Fagsvið		júní- sept.	
	Vinnsla launaáætlunar og annarra gagna vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar.	Fagsvið		júní- sept.	Júní - sept.
	Vinnsla og frágangur fjárfestingaáætlunar í samræmi við forsendur rammaúthlutunar.	SEA		júní- sept.	
	Vinnsla greinargerðar. Útfærsla og framsetning greinargerðar og starfsáætlunar.	Fagsvið		júní- sept.	
	Drög að fjárhagsáætlun kynnt fagráðum. Sviðsstjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum og greinargerð fyrir fagráðum. Fagrád staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslum og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokknum.	Fagsvið	Fagrád	10. sept*	September
	Fimm ára áætlun. Undirbúningur fimm ára áætlunar.	FMS		sept.	
◆	Skil fagsviða á lokadrögum að fjárhagsáætlun og greinargerð Skil fjárfestingaáætlunar og greinargerðar	Fagsvið SEA		20. sept*	◆
FMS-VLR-047 Frágangur og kynningar	Samantekt skilagagna. FMS tekur saman áætlun næsta árs og fimm ára áætlun sviða og skrifstofa og skilar samantekt til borgarstjóra.	FMS		15. okt.	Október
	Fimm ára áætlun. Útfærsla og vinnsla fimm ára áætlunar A-hluta.	FMS		15. okt.	
	Samantekt á frumvarpi að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.	FMS		20. okt.	
	Greinargerð með frumvarpi: FMS leggur fram greinargerð með frumvarpi þar sem lagt er fjárhagslegt mat á tekjur og útgjöld.	FMS		28. okt.	
	Kynningar: Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgarráði.	Fagsvið		31. okt. - 1. nóv.	
◆	Frumvarp að fjárhagsáætlun lagt fram í borgarráði: Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun.	Borgarstjóri / borgarráð	Borgarráð	31. okt.	◆
Umræður og afgreiðsla	Fyrri umræða: Frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun lagt fram í borgarstjórn. Tekjurforsendur afgreiddar.	Borgarstjórn		5. nóv.	Nóv.
	Breytingar milli umræðna: Breytingatillögur lagðar fyrir borgarráð.	Borgarráð	Borgarráð	28. nóv.*	
◆	Síðari umræða og afgreiðsla: Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.	SBS	Borgarstjórn	3. des.	◆
Frágangur og skil	Frágangur gagna: Fagsvið ganga frá lokafærslum inn í upplýsingakerfi og FMS tekur saman lokaútgáfu fjárhagsáætlunar.	Fagsvið / FMS		Des.	Des.
◆	Fjárhagsáætlun 2019 - 2024 skilað til ráðuneytis: FMS skilar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis / Hagstofu Íslands.	FMS		17. des.	◆

* Miðað er við að dagsetning sé "eigi síðar en" hér.